

57. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 14. janúar 2010 í félagsheimilinu Þórsveri kl. 17:00.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Sigurður Ragnar Kristinsson, Eyþór Jónsson, Jóhanna Helgadóttir, Aðalbjörn Arnarsson, Gunnólfur Lárusson og Björn Guðmundur Björnsson sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundamenn velkomna, spurði hvort að einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð nefnda og ráða

- a. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 09.12.2009
Lögð fram til kynningar.
- b. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 15.12.2009
Lögð fram til kynningar
- c. Fundargerð Drekasvæðis ehf. dags. 15.12.2009
Lögð fram til kynningar
- d. Fundargerð Eyþings dags. 09.12.2009
Lögð fram til kynningar
- e. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra dags. 07.12.2009
Lögð fram til kynningar
- f. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 11.12.2009
Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur heilshugar undir bókun Sambands íslenskra sveitarfélaga, á fundi þeirra 11. desember 2009, í lið 7 í fundargerðinni þar sem óskað er eftir því að nefnd félags- og tryggingamálaráðherra um húsnæðismál taki málefni varasjóðs húsnæðismála til umfjöllunar.
Samþykkt samhljóða
- g. Skýrsla sveitarstjóra.
 - I. Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.
 - II. Sveitarstjórn samþykkir hér með að beita fyrir sér heimild 6 .gr. nr.153 2006 í gatnagerðarlögum þar sem kveðið er sérstaklega á um að “sveitarstjórn er heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum í sveitarfélaginu við sérstakar aðstæður, svo sem vegna þéttingar byggðar, atvinnuuppbyggingar, lítillar ásóknar í viðkomandi lóð eða eftirspurnar eftir leiguhúsnæði.,, Samkvæmt ofangreindu mun Langanesbyggð aðstoða einstaklinga eða fyrirtæki til nýbygginga íbúðarhúsa með niðurfellingu gatnagerðargjalds af lóðum við tilbúna götur.*Samþykkt samhljóða.*
 - III. Sveitarstjóri tjáði fundarmönnum að í dag hafi Ríkiskaup haft samband við hann og tjáð honum að það hafi borist tilboð í skrifstofu Langanesbyggðar að upphæð 5.000.000. Samþykkt samhljóða að nýta forkaupsrétt samkvæmt samningi, sveitarstjóra falið að klára málið með vísan í framkvæmdaáætlun 2010.

2. Innsend erindi.

- a. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags 02.11.09
Í bréfi frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga er bent á leiðir og útfærslur vegna sparnaðar fyrir skólaárin 2010-2011 og 2011-2012

Samþykkt samhljóða að vísa bréfinu til fræðslunefndar til umsagnar.

- b. Bréf frá Jafnréttisstofu dags 02.12.2009
Í bréfinu er verið að benda á að sveitarfélagið skuli gera jafnréttisáætlun og með henni eigi að fylgja framkvæmdaráætlun.

Samþykkt samhljóða að sveitarstjóri svari bréfinu.

- c. Bréf frá Varasjóði húsnæðismála dags. 09.12.2009
Í bréfi frá Varasjóðnum er verið að benda á að ekki verði greidd framlög til sveitarfélaga öðruvísi en samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga verði framlengt. Sveitarstjórn Langanesbyggðar skorar á alþingi Íslendinga að tryggja fjármögnun varasjóðs húsnæðismála þar sem verkefni hans eru sannarlega enn til staðar og óvíða meiri þörf fyrir áframhaldandi rekstur sjóðsins en í Langanesbyggð. Sveitarstjóra falið að koma bókuninni á framfæri .

Samþykkt samhljóða

- d. Bréf frá Framsýn dags 08.01.2010

Langanesbyggð tekur undir ályktun Framsýnar um samgöngumál.

Samþykkt samhljóða

- e. Þriggja ára áætlun fyrri umræða.
Nokkur umræða fór fram um áætlunina og var henni vísað til seinni umræðu.
Samþykkt samhljóða.

- f. Tilboð frá Öryggismiðstöðinni dags.04.12.2009
Um er að ræða öryggismyndavélar til að setja upp í grunnskólanum á Þórshöfn og hljóða tilboðið upp á kr.1.194.574 fyrir utan uppsetningu. Sveitarstjóra falið að taka tilboðinu.
Samþykkt samhljóða.

- g. Kosning oddvita og vara oddvita

I. Tillaga um að Siggeir Stefánsson verði oddviti.
Samþykkt með þremur atkvæðum, 2 sátu hjá.

II. Tillaga um að Þórir Jónsson verði varaoddviti og Aðalbjörn Arnarsson hans varamaður.
Samþykkt með þremur atkvæðum, 2 sátu hjá.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða
fundi slitið kl:19:28